

Nd.

430. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun rikissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til þess að standast útgjöld ríkisins 1941 og til þess að greiða tillag til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1941 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignarskatt:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—2000 kr.	skattsk.	tekjum	greiðast	10 kr. af	1000 kr. og	2 % af	afg.
—	2000—3000	—	—	—	30	—	—	5
—	3000—4000	—	—	—	80	—	—	7,5
—	4000—5000	—	—	—	155	—	—	10
—	5000—6000	—	—	—	255	—	—	15
—	6000—7000	—	—	—	405	—	—	20
—	7000—8000	—	—	—	605	—	—	30
—	8000—9000	—	—	—	905	—	—	31
—	9000—10000	—	—	—	1215	—	—	31,5
—	10000—11000	—	—	—	1530	—	—	32
—	11000—12000	—	—	—	1850	—	—	33
—	12000—13000	—	—	—	2180	—	—	34
—	13000—14000	—	—	—	2520	—	—	35
—	14000—15000	—	—	—	2870	—	—	36
—	15000—16000	—	—	—	3230	—	—	37
—	16000—18000	—	—	—	3600	—	—	38
—	18000—20000	—	—	—	4360	—	—	39
—	20000—22000	—	—	—	5140	—	—	40
—	22000—24000	—	—	—	5940	—	—	41
—	24000—26000	—	—	—	6760	—	—	42
—	26000—28000	—	—	—	7600	—	—	43
—	28000 og þar yfir	—	—	—	8460	—	—	44

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. sömu laga og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, er um ræðir í 3. gr. b-lið laga nr. 6 9. jan. 1935, greiðist 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 kr. skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þess, sem talið er í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til fiskimálasjóðs, og skal honum varið til þess að lána sjómönnum og verkamönnum, sem gerast þátttakendur í félagi til togarakaupa samkvæmt 14. gr. laga nr. 75 frá 31. des. 1937, $\frac{1}{3}$ — $\frac{1}{2}$ af tilskildu framlagi þeirra, gegn tryggingum, er fiskimálanefnd tekur gildar, og gangi sjómenn og verkamenn í Reykjavík fyrir um fyrsta skip, sem þannig verður keypt. Verði þessi hluti skattaaukans ekki notaður að fullu samkvæmt framanrituðu, rennur afgangurinn til byggingarsjóðs samkvæmt lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamanna-bústaði, í hlutfalli við skattauka þann, er innheimtur hefir verið í hverju bæjar- eða sveitarfélagi.

3. gr.

Með því að innheimta á árinu 1941 9 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932.

Að öðru leyti gilda ákvæði nefndra laga 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkv. 1. mgr. þessarar greinar.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins af benzíni frá því, sem það var eftir nefndum lögum frá 1932, skal varið að $\frac{4}{5}$ hlutum til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, en $\frac{1}{5}$ til brúargerða, og skal fyrst byggja brú á Jökulsá á Fjöllum.

Nú þykir ekki fært að flytja inn efni til brúargerða á árinu 1941, og skal þá geyma það fé, er til brúargerða skal ganga eftir ákvæði þessu, þar til kleift verður að flytja inn byggingarefni.

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr þeirri fjárhæð, sem sérstaklega er ráðstafað í fjárlögum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1941.

4. gr.

Með því að innheimta á árinu 1941 með 12% viðauka alla skatta og önnur gjöld, sem greiða ber í ríkissjóð og falla í gjalddaga á árinu, og því einnig skatta og gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. laga þessara. Viðauki sá, sem samkvæmt þessu ákvæði verður innheimtur af tekju- og eignarskatti og skattaukanum samkvæmt 2. gr. laga þessara, skal renna til bæjar- eða sýslusjóða þar sem skatturinn er á lagður.

Undanþegin viðaukagjaldi samkv. 1. mgr. þessarar greinar eru útflutningsgjöld samkvæmt lögum nr. 63 23. jan. 1935, gjöld samkvæmt lögum nr. 25 9. jan. 1935 og tollar samkvæmt lögum um tollskrá og lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innheimtu viðaukagjaldsins samkvæmt þessari grein, svo og um skil á því í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1941.